

## Fundargerð 119. fundar stjórnar SSNV, 4. mars 2025

Þriðjudaginn 4. mars 2025, kom stjórn SSNV saman á Skagaströnd. Hófst fundurinn kl. 9.00. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Álfhildur Leifsdóttir, Halldór Gunnar Ólafsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Skíðasvæðið á Norðurlandi vestra – skýrsla
2. Framúrskarandi verkefni 2024
3. Uppbyggingarsjóður, tölfraði og gögn
4. Tilnefning í skólanefnd Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra
5. Byggðagleraugun 2025
6. Þing SSNV
  - a. Samþykktir og reglur
  - b. Formaður kjörnefndar
  - c. Þingstaður
  - d. Drög að dagskrá
7. Framlögð mál til kynningar
  - a. Fundargerðir
  - b. Umsagnir
8. Skýrsla framkvæmdastjóra

### Afgreiðslur

#### 1. Skíðasvæðið á Norðurlandi vestra – skýrsla

Þröstur Sigurðsson frá ráðgjafafyrirtækinu Arcur kom til fundar á Teams og kynnti skýrslu um úttekt á skíðasvæði Norðurlands vestra. Stjórn þakkar góða kynningu og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram samkvæmt samtali og að skýrslan skuli send á sveitarfélögin til kynningar.

#### 2. Framúrskarandi verkefni 2024

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir verkefnastjóri hjá SSNV kom til fundar og kynnti tillögur að tilnefningum til framúrskarandi verkefna á Norðurlandi vestra á árinu 2024. Málið var áður á dagskrá á 118. fundar stjórnar SSNV þann 4. febrúar 2025. Stjórn þakkar góða yfirferð og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

#### 3. Uppbyggingarsjóður tölfraði og gögn

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir verkefnastjóri hjá SSNV fer yfir tölfraði Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra með vísun í eldri sóknaráætlun. Stjórn þakkar góða yfirferð og áhugaverða kynningu.

#### 4. Tilnefning í skólanefnd Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra

Skipunartíma núverandi skólanefndar við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra lauk 4. janúar 2025. Mennta- og barnamálaráðuneytið óskar eftir tilnefningu SSNV í skólanefnd Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Óskað er eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir af hvoru kyni sem ráðherra velur úr tvo stjórnarmenn.

#### Stjórn SSNV tilnefnir:

**Húnavatnssýslur:** Elín Lilja Gunnarsdóttir, Grímur Rúnar Lárusson

**Skagafjörður:** Einar E. Einarsson, Álfhildur Leifsdóttir

## 5. Byggðagleraugin 2025

Byggðagleraugin eru veitt ár hvert af stjórn SSNV til ráðuneytis, stofnunar eða fyrirtækis sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Er viðurkenningunni ætlað að hvetja forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja til að horfa með „byggðaglerauginum“ á verkefni sinna eininga og nýta þau tækifæri sem gefast til flutnings starfa/verkefna á landsbyggðina í samræmi við áherslur byggðaáætlunar. Stjórn SSNV velur þann aðila sem viðurkenninguna hlýtur ár hvert og er viðurkenningin afhent á ársþingi samtakanna. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram samkvæmt samtali.

## 6. Þing SSNV

### a. Samþykktir og reglur

Berglind Björnsdóttir verkefnastjóri hjá SSNV kom til fundar og kynnti drög að uppfærðum samþykktum og reglum SSNV sem taka mið af athugasemdum stjórnar frá 118. stjórnarfundi SSNV. Stjórn þakkar góða yfirferð, samþykkir fyrirbyggjandi drög og vísar málinu til þings.

### b. Formaður kjörnefndar

Stjórn skipar formann kjörnefndar. Stjórn kýs Þorleif Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra, sem formann kjörnefndar.

#### Í kjörnefnd sitja:

Álfhildur Leifsdóttir, Skagafjörður

Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð

Halldór Ólafsson, Skagaströnd

Sólborg S. Borgarsdóttir, Skagafjörður

Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra - formaður

### c. Þingstaður

Stjórn samþykkir að þingið verði haldið að Aðalgötu 21 á Sauðárkróki.

### d. Drög að dagskrá

Stjórn fer yfir drög að dagskrá.

## 7. Framlögð mál til kynningar

### a. Fundargerðir

Stjórn SSH, 27. janúar 2025. [Fundargerðin](#). Stjórn SSH, 3. febrúar 2025. [Fundargerðin](#).

Stjórn SSH, 10. febrúar 2025. [Fundargerðin](#). Stjórn SSH, 17. febrúar 2025. [Fundargerðin](#).

Stjórn Vestfjarðarstofu, 29. janúar [Fundargerðin](#).

Stjórn SASS, 24. janúar 2025. [Fundargerðin](#). Stjórn SSA, 17. febrúar 2025. [Fundargerðin](#).

Stjórn SSS, 8. janúar 2025. [Fundargerðin](#). Stjórn SSS, 21. febrúar 2025. [Fundargerðin](#).

Stjórn SSNE, 5. febrúar 2025. [Fundargerðin](#).

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 24. febrúar 2025. [Fundargerðin](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 21. febrúar 2025. [Fundargerðin](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 20. febrúar 2025. [Fundargerðin](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 19. febrúar 2025. [Fundargerðin](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 18. febrúar 2025. [Fundargerðin](#)

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 31. janúar 2025. [Fundargerðin](#)

### b. Umsagnir

[Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna](#). Mál nr. S-50/2025.

Umsagnarfrestur er til og með 12. mars 2025.

[Breytingar á sveitarstjórnarlögum - mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög](#). Mál nr. S-38/2025. Umsagnarfrestur er til og með 4. mars 2025.

## 8. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:53.

Einar E. Einarsson,  
Álfhildur Leifsdóttir,  
Magnús Magnússon,  
Guðmundur Haukur Jakobsson,  
Halldór Gunnar Ólafsson,  
Katrín M. Guðjónsdóttir.